



Kennari. Íris Þórðardóttir

Skammstöfun: ÍP

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um mikilvægi góðra samskipta milli manna. Fjallað er um mikilvægi samkenndar, jafnréttis, mannvirðingar og mannréttinda í samskiptum. Farið er í eflandi samskipti sem byggja á virðingu og fordómaleysi á jafnréttisgrundvelli. Fjallað er um áhrif ólíkra menningarheima og tjáskiptareglna á mótun samskipta einstaklinga, hópa og þjóða. Farið er í áhrif sjálfsmyndar og sjálfstrausts á samskipti og hvað heilbrigðisstarfsmenn þurfa að hafa í huga í samskiptum við skjólstæðinga, samstarfsfólk og aðstandendur.

Markmið:

Þekkingarviðmið

- Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:
 - mikilvægi góðra samskipta
- mikilvægi eflandi samskipta, sem byggja á virðingu, samkennd, fordómaleysi og jafnrétti
- áhrifum ólíkra menningarheima á samskipti
- áhrifum sjálfsmyndar og sjálfskilnings á samskipti
- aðstæðum sem geta haft áhrif á samskipti
- hvernig heilbrigðisstarfsmenn geta notað samskipti á árangursríkan hátt

Leikniviðmið

- Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:
 - setja sig í spor annarra í samskiptum
- sýna samkennd, virðingu og fordómaleysi í samskiptum
- nota samskiptareglur og viðtalstækni á áhrifaríkan hátt í samskiptum
- læra af eigin samskiptum og annarra

Hæfniviðmið

- Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:
 - eiga góð samskipti við annað fólk án tillits til stöðu, aldurs eða þjóðernis
 - eiga farsæl samskipti við skjólstæðinga og samstarfsfólk í starfi

- leysa samskiptaerfiðleika af þekkingu og virðingu fyrir sjónarmiðum allra hlutaðeigandi.

Námsefni:

Efni frá kennara. Og einn kafli úr Almennri hjúkrun 1. Þrep – kafli 16.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Námsefni (kennslubók)	Verkefni
	Mannleg samskipti	
	Ég	Verkefni
	Jákvæð sálfræði	
	Fólk í fyrirrúmi	Verkefni
	Ég á vandan	Verkefni
	Altengsl og samstigun	Smásaga
	Streita	
	Efnisleg og persónuleg þjónusta	Leikrit
	Fékkstu hugmynd	
	Viðtalsverkefni	Verkefni í þrem liðum

Sérreglur áfangans:

Próflaus áfangi og 100% mætingar og skilaskilda.

Námsmat:

Námsmat	Lýsing	Vægi
	Öllum verkefnum þarf að skila á réttum tíma, nema að um annað sé samið við kennara, virkni í tímum og ástundun þarf að vera 100% þar sem áfanginn er próflaus og hver tími er verkefnatími. Ef mæting og skil fara niður fyrir 90% - þarf nemandi að taka próf í áfanganum.	
Verkefni til mats og vægi þeirra	Ég	5%
	Jákvæð sálfræði	
	Hvað viljum við fá út úr lífinu	10%
	Smásaga	10%
	Samskipti mín og minna nánustu	10%
	Svekkinn – Sækin	10%
	Efnisleg og persónuleg þjónusta – leikrit	5%
	Ferilskrá	10%

	Mæting og virkni	15%
	Viðtalsverkefni	25%

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.